

Samfélagsskýrsla IKEA 2022





Efnisyfirlit

- 3-4 | Hluti af lausninni
- 5 | Stefna IKEA
- 6 | IKEA sýnin er okkar innblástur
- 7 | People & Planet positive
- 8 | Siðareglur IKEA á heimsvísu
- 9-11 | Hvernig getur IKEA haft jákvæð áhrif?
- 12 | Þrjár aðaláherslur
- 13-14 | Heilsusamlegt og sjálfbært líf
- 15-17 | Hringrás og jákvæð loftlagsáhrif
- 18-19 | Sanngirni og jafnrétti
- 20 | Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
- 21 | IKEA x PLASTPLAN
- 22 | Laufið
- 23 | Kolefnisspor
- 24-25 | Lykiltölur
- 26-27 | Umhverfisstefna IKEA á Íslandi

Hluti af lausninni

Sjálfbærni er eitt mikilvægasta viðfangsefni okkar jarðarbúa og áskoranirnar eru þess eðlis að það er nauðsynlegt að hugsa lausnirnar út frá heildinni. Þróunin hefur verið hröð undanfarin ár og fólk verður sífellt meðvitaðra um bæði eigin ábyrgð og ábyrgð fyrirtækjanna sem það kys að skipta við.

Það er svo sannarlega í mörg horn að líta við að minnka umhverfisáhrif og fyrirtæki eins og IKEA þurfa að axla sína ábyrgð í þeim samfélögum þar sem þau starfa. Í krafti stærðarinnar getur IKEA haft mikil jákvæð áhrif. Stór skref hafa verið stigin í rétta átt en það er enn mikil vinna eftir og saman getum við stigið fleiri stór skref í átt að sjálfbærni sem eykur velferð jarðarinnar og fólksins sem hana byggir.





Við viljum vera í fararbroddi við að veita fólki innblástur til að lifa heilsusamlegu og sjálfbæru lífi í sanngjörnu samfélagi. Þess vegna er IKEA um allan heim að taka breytingum. Verið er að endurhugsa allt frá því hvernig við hönnum hluti til þess hvernig við framleiðum þá, hvernig við veljum hráefni, flytjum, seljum og lokum svo hringrásinni þannig að tryggt sé að ekkert fari til spillis.

IKEA ætlar að vera hluti af lausninni

Stefna IKEA

Sýn IKEA er að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta, sem er stýrt af viðskiptahugmyndinni um að bjóða upp á vel hannaðan húsbúnað á það lágu verði að sem flestir hafi efni á að kaupa hann.

Þessi sýn hefur áhrif á allt sem við gerum. Vörurnar sem við þróum, hugmyndirnar sem við deilum, hráefnið sem við notum, já, allt saman. Þess vegna er hún svo öflug og næm á sama tíma.

Sýnin er áttavittinn sem leiðir okkur öll í sömu átt. Hún heldur okkur á jörðinni og einbeittum í því að vera aðgengileg og vandvirk í því að gera það sem kemur sem flestum vel.

Það eru margar ástæður fyrir því hve stolt við erum af sýn okkar. Sú helsta er þó að hún styður okkur í daglegum störfum. Hún er nytsamlegt verkfæri og það er ekki bara eitthvað sem við segjum.

Sýn okkar býr í daglegum verkefnum starfsfólksins, um allan heim.





IKEA sýnin er okkar innblástur

Til að IKEA á alþjóðavísu geti náð fram miklum og jákvæðum breytingum í heiminum höfum við sett okkur sjálfbærnistefnu bæði hérlandis og erlendis. Hún er hvatning, aðhald og leiðir okkur við ákvarðanatöku og markmiðasetningu. Stefnan er vegvísir okkar og útlistar sterka sameiginlega langtímaáætlun. Í þessari vinnu, eins og allri annarri vinnu innan IKEA, er það sameiginlega sýnin sem er okkar leiðarljós – að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta.

Sjálfbærni- stefna IKEA

Sem alþjóðlegt stórfyrirtæki erum við meðvituð um hversu mikil áhrif við getum haft við að auðvelda fólki að lifa daglegu lífi án þess að ganga á auðlindir jarðarinnar. Við viljum nýta okkur stærðina til að ná til og hvetja sem flesta til að nýta hvert tækifæri sem gefst. Umhverfisstefna IKEA á alþjóðavísu, People & Planet positive, kom fyrst út árið 2012 og í henni voru tiltekin markmið sem að mestu hefur verið náð, til dæmis að nota eingöngu bómull af sjálfbærari uppruna, selja eingöngu LED lýsingu í IKEA og nota eingöngu pappír og við af vottuðum uppruna. Stefnan var uppfærð árið 2018 með nýjum markmiðum til ársins 2030.





Siðareglur IKEA á heimsvísu

IWAY eru siðareglur birgja IKEA og þær skilgreina til hvers við ætlumst af viðskiptavinum okkar í virðis_keðju IKEA hvað varðar umhverfið, dýravelferð og síðast en ekki síst góð starfsskilyrði og -ánægju fólks. Staðlinum er skipt í almennan hluta og aukahluta og er byggður á tíu grunnreglum. Hver grunnregla er svo studd IWAY kröfum sem allir birgjar IKEA, en þeir eru rúmlega 9.500 talsins, þurfa að standast til að geta efnt til samstarfs við IKEA og viðhaldið því.

IConduct eru siðareglur sem eiga að tryggja að sérleyfishafar IKEA um allan heim hafi ákveðna og samræmda ferla yfir skilvirkar mælingar, skýrslugjöf og viðbragðsáætlanir vegna atburða eða annars sem gæti haft neikvæð áhrif á reksturinn og IKEA vörumerkið. Sérleyfishöfum IKEA er skylt að tilkynna varasöm atvik og viðhafa ákveðna krísustjórnun í samráði við Inter IKEA Systems B.V. IConduct siðareglunum er skipt niður í sjö kafla og hver kafli hefur ábyrgðarmannskju innan fyrirtækisins sem tryggir að unnið sé að því að uppfylla skilyrðin sem þar eru sett fram. Gerð er árleg IConduct úttekt.



A photograph of a person standing on a small boat on the water at sunset. The person is silhouetted against the bright orange and yellow sky. The boat has a simple wooden frame with a horizontal bar. The water is calm, reflecting the colors of the sky. In the distance, another small boat is visible on the horizon.

Hvernig getur IKEA haft jákvæð áhrif?


Áætlað er að loftslagsspor IKEA nemi 0,1% af losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum. Því ber IKEA mikla ábyrgð og þarf að leggja sitt af mörkum við takmörkun hlýnunar jarðar. Stærð fyrirtækisins á heimsvísu veitir einstakt tækifæri til að vera fordæmisgefandi í jákvæðum breytingum á jörðinni, fólki og samfélagi.

Skuldbindingar IKEA á heimsvísu miðast við að hitastig jarðar hækki ekki meira en um 1,5°C. Þá hefur fyrirtækið einnig skuldbundið sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um að minnsta kosti 15% í virðiskeðjunni fyrir árið 2030 (samanborið við 2016). Þetta þýðir að samanlagt, með áætluðum vexti á sama tíma, muni loftslagsspor hverrar vöru minnka um að meðaltali 70%.




Við horfum gagnrýnum augum á alla anga fyrirtækisins, hvetjum til umræðna og gerum viðskiptavinum og starfsfólki kleift að taka þátt. Hver og einn getur sett fordæmi og mikilvægt er að skoða hvernig hægt er að ná til eins margra og mögulegt er.

Mikilvægur hluti okkar starfsemi er að nýta stærð, sköpunarkraft, nýsköpun og þekkingu innan fyrirtækisins á heimilislífi við að koma á breytingum til batnaðar. Þegar við tölum um jákvæð áhrif þýðir það að við stefnum alltaf að því að hafa áhrif út fyrir fyrirtækið. Við skuldbindum okkur til að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta.



▲ Aðgreining ▲ Markaðshlutun ▲ Ímynd ▲ SÁ&S



IKEA á Íslandi var valið besta alpjóðlega vörumerkið á Íslandi 2022. Vörumerkjastofan Brandr stendur fyrir verðlaununum en það er almenningur og valnefnd sem velja sigurvegara. IKEA hlaut 10% betri mælingu en meðaltal samkeppnisaðila, og var meðalmælingin 81%. Mældir voru eftirfarandi flokkar: aðgreining, markaðshlutun, ímynd og samfélagsábyrgð og sjálfbærni.





Þrjár aðaláherslur

IKEA á Íslandi starfar eftir alþjóðlegri umhverfisstefnu IKEA, People & Planet Positive, ásamt því að móta sína eigin stefnu og setja sér markmið. Umhverfismálin eru og hafa lengi verið mikilvæg í starfsemi IKEA á Íslandi og sífellt meiri áhersla er lögð á samfélagsábyrgð. Við leitum leiða til gera betur og veita okkur aðhald, til dæmis með því að mæla losun gróðurhúsalofttegunda og fylgjast með árangri í gegnum umhverfisstjórnunarkerfi. Áskoranir fyrirtækisins eru af ýmsum toga, meðal annars að hafa jafnvægi á fjárhagslegum vexti annars vegar og jákvæðum samfélagslegum og umhverfisvænum áhrifum hins vegar. Í umhverfisstefnunni er áskorunum og markmiðum skipt niður í eftirfarandi þrjá flokka:



Heilsusamlegt og sjálfbært líf

IKEA á heimsvísu hefur skuldbundið sig til að veita hundraða milljóna einstaklinga kleift að gera daglegt líf betra og veita innblástur innan þolmarka jarðarinnar. Heimili okkar og lifnaðarhættir hafa mikil áhrif á heilbrigði okkar, líðan og náttúruna. Víða í heiminum eru vatn, matvæli og loftgæði áhyggjuefni og áhrif mengunar og úrgangs eru nú þegar áþreifanleg í daglegu lífi margra. Sem húsbúnaðarfyrirtæki leggjum við mikla áherslu á að nota sjálfbærari efnivið, ferli og lausnir og sem veitingastaður og matvöruverslun reynum við af fremsta megni að hafa hráefnið heilsusamlegt og næringarríkt. Við bjóðum viðskiptavinum einnig sjálfbærari lausnir og þjónustu ásamt því að veita innblástur og auðvelda fólki að gera jákvæðar breytingar á lífsstíl og vera sjálfbærari neytendur. Mikilvægur hluti af því að stuðla að heilsusamlegu og sjálfbærara lífi er að miðla upplýsingum um vörurnar til að auðvelda viðskiptavinum að velja sjálfbærari vörur, vekja fólk til umhugsunar og hvetja önnur fyrirtæki til að huga að þessum málum.



IKEA á Íslandi hefur lagt mikla áherslu á að upplýsa viðskiptavini og veita þeim innblástur um sjálfbærara hráefni, eiginleika vara og framboð þeirra hvort sem það er í verslun, á vef IKEA eða á samfélagsmiðlum. Markmið okkar eru að veita fólki innblástur að heilsusamlegra og sjálfbærara lífi heima fyrir og einfalda því að velja vörur með sjálfbærari eiginleikum.

Hringrás og jákvæð loftlagsáhrif

Umsvif fyrirtækisins á alþjóðavísu gera okkur kleift að hafa áhrif á og jafnvel umbreyta heilum atvinnugreinum í jákvæða átt með skilvirkri framleiðslu, flutningum og þjónustu. Það býður einnig upp á betri möguleika á finna lausnir sem hjálpa fólki að draga úr umhverfisáhrifum og hvetja til hringrásarhugsunar og sjálfbærari neyslu og koma til móts við þarfir og langanir fólks í dag án þess að gera málamiðlanir fyrir komandi kynslóðir.





► Við höfum sett okkur markmið um flokkun innan fyrirtækisins og fyrir viðskiptavinum. Við höfum aukið aðgengi viðskiptavina að flokkun, með pappatunnu við útganginn þar sem hægt er að skilja eftir pappa eftir verslunarferðina ásamt því að hafa sett upp flokkunaraðstöðu fyrir viðskiptavinum við innganginn þar sem hægt er að flokka ljósaperur, dósir, rafhlöður og fleira.


► Við höfum gefið moltu yfir sumartímann í samstarfi við Terra.

► Við bjóðum upp á ókeypis hleðslu fyrir rafbíla með 60 hleðslustöðvum við verslunina. Jafnframt bjóðum við viðskiptavinum leigu á rafbílum til að flytja vörur heim fyrir lítinn kostnað. Þetta er hluti af markmiði um að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Við könnum einnig ferðamáta starfsmanna árlega og veitum starfsmönnum sem velja umhverfisvænni ferðamáta, samgöngustyrk.

► Meðal markmiða okkar er að draga úr matarsóun á veitingasviði, sem við gerum með búnaði sem nýtir gervigreind við að greina lífrænan úrgang. Búnaðurinn tekur mynd, vigtar og krefur þann sem hendir að tilgreina hverju er hent í hvert sinn. Kerfið sýnir okkur m.a. hve miklu við hendum, hversu mörgum máltíðum við hendum, heildarverðmæti og kolefnissporið af því sem er hent. Þannig náum við utan um það hvar megi skera niður.



FLOKKUNAR- OG ENDURVINNSLUHLUTFALL



Markmið okkar um flokkun eru að ná flokkunarhlutfalli í 90% og endurvinnsluhlutfalli í 75% í lok viðskiptaársins 2025.*

* Endurskoðað markmið. Var áður til loka 2023, en það er orðið ljóst að miðað við núverandi flokkunaraðstöðu næst það ekki. Með nýrri aðstöðu sem kemst í gagnið haustið 2024 batnar hún til muna og þá verður ráðist í að koma hlutfallinu í 90%.



SANNGIRNI OG JAFNRÉTTI

Við stöndum frammi fyrir mörgum áskorunum í heiminum í dag og við erum sannfærð um að IKEA getur veitt innblástur og haft jákvæð áhrif á samfélagslega þróun.

- Með því að veita starfsfólki í allri virðiskeðjunni mannsæmandi laun við góðar vinnuaðstæður.
- Börn og fjölskyldur hafa alltaf verið í brennidepli hjá IKEA. Við getum stutt við jafnrétti kynjanna sem og jaðarhópa í samfélögum.
- Sýn IKEA og metnaður nær yfir alla virðiskeðjuna og við gerum sömu eða hærri kröfur gagnvart okkur sjálfum og okkar birgjum og viðskiptafélögum.
- IKEA á Íslandi hefur sett sér eigin siðareglur fyrir starfsfólk.





Hjá IKEA höfum skýrar stefnur og áætlanir sem snúa að mannauði okkar. Til að mynda erum við með viðbragðsáætlun gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni, einelti og ofbeldi, sem og jafnréttisáætlun og mannauðsstefnu. Við hlutum jafnlaunavottun sem hefur verið endurnýjuð frá árinu 2013. IKEA á Íslandi er með styrktarsjóð sem er úthlutað til fjölda verkefna árlega sem tengjast börnum, hönnun og öðrum málefnum sem tengjast starfseminni. Við erum með ótrúlega fjölbreyttan mannauð af 45 þjóðernum og þjóðum við því upp á íslenskunámskeið fyrir starfsfólk af erlendum uppruna á vinnutíma. Allt starfsfólk IKEA klæðist starfsmannafatnaði sem er liður í að draga úr stéttaskiptingu innan fyrirtækisins og er í anda gilda IKEA um samheldni og jafnrétti.




Hjá IKEA starfar ótrúlega fjölbreyttur mannauður af 45 þjóðernum.



Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna

Flestum alþjóðlegum áskorunum og kröfum um aðgerðir er lýst í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Heimsmarkmiðin komu út árið 2015 og veita hvetjandi ramma fyrir sameiginlegar aðgerðir. Þau leiðbeina okkur þegar við eigum viðskipti, setjum okkur markmið og vinnum með virðis_keðju okkar. Það má finna tengingu milli starfsemi IKEA og allra Heimsmarkmiðanna og við hjá IKEA munum nota þau sem leiðarvísi til jákvæðra breytinga.



IKEA X PLASTPLAN

Árið 2022 hóf IKEA á Íslandi samstarf við Plastplan, sem er frumkvöðlafyrirtæki sem endurvinnur plast og veitir því nýjan tilgang í formi nytjahluta. Vikulega sækir starfsfólk Plastplans plast hjá IKEA sem eftir hugmyndavinnu, hönnun og prófanir verður að nytjahlutum. Fyrsta afurðin var bakki undir sprittbrúsa en nú hafa bæst fleiri hlutir við svo sem karabína, töskuholdari og plöntumerkipinnar.

Laufið

IKEA hóf samstarf við Laufið árið 2022 en það er fyrsta græna upplýsingaveitan. Í gegnum Laufið getur fólk metið fyrirtæki út frá aðgerðum þeirra í loftslagsmálum og fylgst með framvindu þeirra í sínum grænu skrefum.

Við höfum unnið markvisst að því að skrá niður þau lauf og grænu skref sem við höfum lokið og veitir kerfið okkur innblástur að nýjum markmiðum. Þá hafa sjálfbærnisérfræðingar fyrirtækisins heimsótt hlaðvarp Laufsins til að ræða málin.





Kolefnisspor

IKEA hefur nýtt umhverfisstjórnunarkefi Klappa til að mæla alla losun fyrirtækisins. Þar fáum við yfirsýn yfir umhverfisáhrif fyrirtækisins og getum fylgst með flokkunarhlutfalli, orkunotkun, olíunotkun, vatnsnotkun og fleira. Unnið er árlegt sjálfbærniuppgjör í samræmi við alþjóðlega staðla.

Lykiltölur

- ▶ Heildarlosun aðkeypts flutnings og dreifingar var 1.836 kolefnisígildistonn í ár en var 1.564 árið á undan.
- ▶ Á starfsárinu var í fyrsta skipti gerð könnun á heildarlosun samgangna starfsmanna og mældist hún 110 kolefnisígildistonn.
- ▶ Heildarmagn úrgangs hefur minnkað, í ár mældist hann 903.796 kg en árið á undan var hann 961.916 kg.
- ▶ Þrátt fyrir minni úrgang hefur flokkunarhlutfallið lækkað. Það mældist 82,7% í ár en 83,8% árið áður. Endurvinnsluhlutfallið fór hækkandi og mældist 71,7% í ár en 69,6% árið áður.





► Markmiðið fyrir lok ársins 2023 var að ná 90% flokkunarhlutfalli og 75% endurvinnsluhlutfalli. Nú er ljóst að því verði ekki náð en markmiðið hefur verið endurskoðað til loka 2025. Hafnar eru umfangsmiklar breytingar á húsnæði IKEA á Íslandi sem fela meðal annars í sér byltingu í flokkunaraðstöðu sem mun leiða til betri flokkunar.

► Allar innfluttar vörur koma nú til okkar á pappabrettum. Þau eru léttari, nota 30% minna efni og eru 20% sterkari en viður, og þar að auki er þægilegra að endurvinna þau.

► Vinna er hafin við að minnka matarsóun við framleiðslu á veitingasviði. Þar notum við kerfi sem nýtir gervigreind við að greina lífrænan úrgang, sem er síðan vigtaður og skráður niður.

Umhverfis- stefna IKEA á Íslandi

- Meta alla birgja í virðiskeðjunni út frá sjálfbærniáherslum
- Að gera viðskiptavinum kleift að velja á upplýstan hátt. Þáttur í því er samstarf við Laufið, sem er fyrsta íslenska upplýsingaveitan í umhverfismálum og auðveldar fólki sjálfbærara val
- Bæta flokkunaraðstöðu og fræðslu fyrir starfsfólk varðandi flokkun
- Breyta umbúðum í papp þar sem það er hægt





- Draga úr plastnotkun
- Draga úr heildarlosun
- Draga úr matarsóun
- Að eldsneytisnotkun aukist ekki á sama tíma og leitað verður leiða til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis
- Efla hringrásina

